

Apríl 2020



Viðspyrna fyrir Ísland

Framhald efnahagsaðgerða stjórnvalda
vegna heimsfaraldurs kórónuveiru



Stjórnarráð Íslands


Yfirlit

1. Þróun og horfur í efnahagsmálum

2. Annar hluti efnahagsaðgerða

Hægst hefur á útbreiðslu kórónuveirunnar á Vesturlöndum á síðustu dögum

Daglegur fjöldi nýrra COVID tilfella á hverja milljón íbúa, 7 daga hlaupandi meðaltal




- **Hægst hefur á útbreiðslu kórónuveirunnar á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum og Bretlandi stendur daglegur fjöldi nýrra tilfella í stað**
- **Á Íslandi hefur fjöldi nýrra tilfella hrapað undanfarnar tvær vikur svo hægst hefur verulega á útbreiðslu veirunnar héraendis**
- **Aðgerðir Vesturlanda til að stemma stigu við útbreiðslu veirunnar virðast því vera að bera árangur**

Á Íslandi hefur mikil fækkun nýrra tilfella skilað því að faraldurinn er nú í rénun


Daglegur fjöldi nýrra og virkra smita á Íslandi (fimm daga hlaupandi meðaltal fyrir ný smit)

Ný smit



Nýjum daglegum smitum hefur **fækkað um tæplega 90%** undanfarið

Virk smit



Fleiri hafa náð bata en smitast síðan í byrjun apríl og **virikum smitum hefur fækkað um tvo þriðju**

Áhrif kórónuveirunnar á samfélagið munu hins vegar vara í einhvern tíma til viðbótar


Fjöldi virkra smita



Ný hagspá gerir ráð fyrir dýpstu efnahagslægdó síðan í kreppunni miklu á þessu ári

Hagvöxtur í þróuðum hagkerfum samkvæmt nýrri spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Janúarspá
Aprílspá



„Þetta er meiriháttar lækkun á afar skömmum tíma. Hún þýðir að [samdrátturinn vegna COVID-19] er **versta efnahagslægdó síðan í kreppunni miklu, og mun verri en alþjóðlega fjármálakrisan**“¹



Gita Gopinath


forstöðumaður
rannsókna hjá AGS

1 Upphafleg tilvitnun: „this is [...] a major revision over a very short period of time. This makes the great lockdown the worst recession since the Great Depression, and far worse than the Global Financial Crisis.“

Heimild: Hagspá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 14. apríl 2020

Hérlendis birtist efnahagssamdrátturinn helst með tvennum hætti


Birtingarmyndir efnahagssamdráttar vegna COVID-19 og afleiðingar hans



Meiriháttar samdráttur í ferðapjónustu blasir við og nú eru litlar vonir um viðsnúning á árinu

Fjöldi ferðamanna á Íslandi (þúsundir)¹

■ Samdráttur samanborið við 2019 ■ Fjöldi erlendra ferðamanna eftir mánuði



- Ef þróun í fjölda ferðamanna verður í takti við þessa áætlun mun það þýða **70% samdrátt á þessu ári og 35% á því næsta** samanborið við árið í fyrra
- Mikil óvissa er þó ennþá til staðar, **samdrátturinn gæti orðið meiri og langvinnari**


¹ Fjöldi erlendra gesta um Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir mánuðum. Rauntölur frá janúar 2004 til mars 2020.

² Svartsýn sviðsmynd í áætlun KPMG fyrir Ferðamálastofu frá 17. apríl 2020. Afar mikil óvissa er um áhrif kórónuveirunnar á ferðahegðun, svo áætlunin gefur einungis grófa mynd af mögulegri þróun

Mikil umsvif ferðapjónustu leiða til þess að höggið verður þungt hérlendis


Umsvif ferðapjónustu í íslensku hagkerfi (2019)

■ Ferðapjónusta ■ Annað



Samkomubann auk óvissu um efnahagshorfur leiða til tímabundins samdráttar og tilfærslu á neyslu

Einkaneysla heimila¹




¹ Einkaneysla heimila eftir flokkum árið 2019 samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands

Á móti eru fleiri Íslendingar á landinu og þjónustugreinar taka við sér við slökun á samkomubanni

Færri ferðalög Íslendinga erlendis mun ýta undir innlenda eftirspurn á komandi mánuðum ...

Útgjöld Íslendinga erlendis (2019, ma. kr.)



- Íslendingar eyddu um **180 mö. kr. á ferðalögum erlendis** á síðasta ári
- Þar sem ferðalög liggja niðri mun **hluti þessarar upphæðar flytjast til landsins**, bæði í formi sparnaðar og neyslu
- Sá hluti sem fer í neyslu mun **auka innlenda eftirspurn**

... og fjölbreytt þjónusta getur hafið starfsemi á ný þegar slakað verður á sóttvarnarreglum


Þjónustustarfsemi fyrir og eftir boðaða slökun samkomubanns þann 4. maí næstkomandi

Dæmi	Fyrir	Eftir
Hárgreiðslustofur	✗	✓
Tannlækningar	✗	✓
Nuddstofur	✗	✓
Sjúkraþjálfun	✗	✓
Snyrtistofur	✗	✓
Ýmis heilbrigðisþjónusta	✗	✓
Veitingastaðir og krár	~	~

Alvarlegasta afleiðing samdráttarins er mesta atvinnuleysi sem mælst hefur frá upphafi

Atvinnuleysi á Íslandi (%)

Hlutabætur¹ Almennar atvinnuleysisbætur



- **Atvinnuleysi mun ná 17% í apríl** samkvæmt áætlun Vinnumála-stofnunar, sem er **mesta atvinnuleysi frá því að mælingar hófust** árið 1957
- **Um 14.000 manns þiggja nú atvinnuleysisbætur** og **35.000 eru í lækkuðu starfshlutfalli** sem nemur 37% að meðaltali
- **Fyrirséð er að atvinnuleysi byrji að minnka strax í maí** þegar innlendar þjónustugreinar taka við sér við slökun samkomubanns

1 Mælt í fjölda stöðugilda, þ.e. ef tveir launþegar lækka niður í hálf starf telst það eins og einn einstaklingur á almennum atvinnuleysisbótum


2 Atvinnuleysi í stökum mánuði fór hæst í 9,3% í kjölfar bankahrunsins

Heimild: Vinnumálastofnun

Forgangsverkefni stjórnvalda er að halda aftur af atvinnuleysi að því marki sem hægt er


..... Án aðgerða — Með aðgerðum

Virk smit
kórónuveiru



- Meginmarkmið stjórnvalda í núverandi faraldri hefur verið að **„fletja út kúrvuna“** þannig að **fjöldi tilfella yfirgnæfi ekki afkastagetu** heilbrigðiskerfisins og fjölgi þannig dauðsföllum

Atvinnuleysi



- Stjórnvöld hafa **sams konar markmið í efnahagsmálum**: forgangsverkefni er að **halda aftur af skyndilegri aukningu atvinnuleysis** sem sagan sýnir að getur orðið þralátt

Þótt sóttvarnir gangi vel stöndum við því frammi fyrir meiriháttar efnahagsvanda

- **Sóttvarnaraðgerðir hafa gengið vonum framar** hérlendis og faraldurinn er nú í rénun
- Þótt mörg ríki hafi nú náð tökum á faraldrinum blasir við **meiriháttar efnahagslægð bæði hérlendis og annars staðar á Vesturlöndum**
- **Ólíklegt er að ferðaþjónusta nái sér á strik í bráð.** Neikvæð áhrif á greinina gætu orðið langvarandi eða varanleg með **víðtækum afleiðingum fyrir íslenskt efnahagslíf**
- Á móti er útlit fyrir að **eftirspurn innanlands geti tekið hratt við sér** og hagvexti er spáð aftur á næsta ári
- Eitt erfiðasta viðfangsefnið verður **mikið og þrálátt atvinnuleysi.** Í efsta forgangi stjórnvalda er að **draga úr því eins og unnt er, til dæmis með því að kaupa tíma þar til innlendar þjónustugreinar geta tekið við hluta af vinnuafli ferðaþjónustunnar**

Yfirlit

1. Þróun og horfur í efnahagsmálum

2. Annar hluti efnahagsaðgerða




Innleiðing fyrsta hluta efnahagsaðgerða er nú á lokametrunum

Framvinda fyrsta hluta efnahagsaðgerða stjórnvalda vegna COVID-19

	Aðgerð	Framvinda	Lýsing
 Varnir	<ol style="list-style-type: none">1. Hlutastarfaleiðin2. Brúarlán til atvinnulífs3. Frestun skattgreiðslna	<ul style="list-style-type: none">● Virkt◐ Í vinnslu● Virkt	<p>35.000 launþegar hafa nýtt sér úrræðið</p> <p>Samningur gerður við Seðlabanka Íslands</p> <p>1.300 fyrirtæki hafa sótt um frestun</p>
 Vernd	<ol style="list-style-type: none">4. Laun í sóttkví5. Barnabótaauki6. Úttekt séreignarsparnaðar	<ul style="list-style-type: none">● Virkt◐ Tilbúið● Virkt	<p>Réttindin ná til um 10.000 einstaklinga</p> <p>Greiddur út þann 1. júní til barnafjölskyldna</p> <p>Opnað hefur verið fyrir umsóknir</p>
 Viðspyrna	<ol style="list-style-type: none">7. Styrking ferðaþjónustu8. Útvíkkun á „Allir vinna“9. Greiðari innflutningur10. Fjárfestingaáttak	<ul style="list-style-type: none">◐ Í vinnslu● Virkt● Virkt◐ Í vinnslu	<p>Markaðsáttak í útboðsferli, gjafabréf í vinnslu</p> <p>Opið fyrir umsóknir um endurgreiðslur</p> <p>Hægt að sækja um frestun og niðurfellingu</p> <p>Undirbúningur framkvæmda í farvegi</p>

Stjórnvöld munu ráðast í tíu aðgerðir til viðbótar við þær sem áður hafa verið boðaðar

Annar hluti efnahagsaðgerða stjórnvalda vegna COVID-19

	Aðgerð	Lýsing
 Varnir	<ol style="list-style-type: none">1. Lokunarstyrkir2. Stuðningslán3. Jöfnun tekjuskatts	<ul style="list-style-type: none">▪ Rekstrarstyrkir vegna fyrirmæla um lokun starfsemi▪ Rekstrarlán til minni fyrirtækja í lægð vegna faraldursins▪ Heimild til að jafna tap þessa árs á móti hagnaði í fyrra
 Vernd	<ol style="list-style-type: none">4. Geðheilbrigði og fjarþjónusta5. Verndun viðkvæmra hópa6. Sérstækur stuðningur	<ul style="list-style-type: none">▪ Efling geðheilbrigðisþjónustu, heilsugæslu og fjarþjónustu▪ Aðgerðir til að vernda börn, fjölskyldur og viðkvæma hópa▪ Framlína, fjölmiðlar og aðgerðir á sveitastjórnarstigi
 Viðspyrna	<ol style="list-style-type: none">7. Sókn í nýsköpun8. Sumarúrræði fyrir námsmenn9. Virkni í atvinnuleit10. Innlend verðmætasköpun	<ul style="list-style-type: none">▪ R&D endurgreiðslur, aukin fjárfesting í nýsköpun▪ Sumarstörf, sumarönn og nýsköpunarstyrkir til námsmanna▪ Náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur▪ Nýr Matvælasjóður og fjölgun listamanna á starfslaunum

1 Lokunarstyrkir verða veittir til þeirra sem gert var að loka vegna sóttvarna



Stjórnvöld munu styrkja þá sem lögðu niður starfsemi vegna sóttvarnareglna

- Margvíslegri þjónustu **var gert að loka vegna samkomubanns** og annarra sóttvarnareglna
- Þetta á **til dæmis** við um hárgreiðslustofur, valkvæðar skurðaðgerðir, krár, líkamsræktar-stöðvar, nuddstofur, sjúkraþjálfun, skemmtistaði, snyrtistofur, söfn, spilasali, laugar og tannlækna
- Stjórnvöld munu **veita þessum aðilum styrki** til að **bæta upp hluta af tekjufalls** og hjálpa þeim að **standa undir föstum kostnaði** sem fallið hefur til í rekstri þeirra

Hámarksupphæð nemur 2,4 m.kr. á aðila

800 þús. kr.

á starfsmann

2,4 m.kr.

að hámarki á hvern aðila

2,5 ma. kr.

áætlað heildarumfang lokunarstyrkja

Til að fá lokunarstyrk þarf fyrirtæki að uppfylla nokkur skilyrði

Fyrirtækið þarf að:

- hafa þurft að **loka starfsemi** vegna sóttvarnareglna
- hafa orðið fyrir **75% tekjufalli** í apríl á milli ára
- haft amk **4,2 m.kr. í tekjur** 2019
- vera í **skilum með skatta**
- vera **ennþá í rekstri**

Fái fyrirtæki styrk án þess að hafa átt rétt á honum ber því að **endurgreiða hann með 50% álagi**

2 Stuðningslán munu hjálpa þúsundum smærri fyrirtækja sem glíma við erfiðleika



6 m.kr.

að hámarki á aðila

1,75% vextir

meginvextir Seðlabankans

2½ ár

lánstími¹

Markmið og umfang

- Markmið lánanna er að **vinna gegn lausafjárvanda** sem leitt gæti til **uppsagna** og **enn frekari efnahagssamdráttar**
- **Ríkið** mun veita stuðningslánin í gegnum viðskiptabankana
- Lánin nýtast **minni aðilum** sem orðið hafa fyrir **miklum samdrætti**, ekki síst í ferðaþjónustu
- Áætluð heildarútlán nema **28 ma.kr.** til **8.000 fyrirtækja**

Skilyrði

- **40% lægri tekjur** en á sama tímabili í fyrra²
- Tekjur ársins 2019 voru **á milli 9 m.kr. og 500 m.kr.** og **launakostnaður nam a.m.k. 10% af rekstrargjöldum** í fyrra
- **Hvorki arðgreiðslur**, kaup á eigin hlutabréfum o.fl. frá 1. mars **né vanskil**³
- **Rekstrarhæf** þegar áhrif COVID-19 eru liðin hjá

¹ Greiðsluhlé er á láninu fyrstu 18 mánuðinu, síðan er það greitt til baka með 12 jöfnum greiðslum

² Tekjusamdráttur á 60 daga samfelldu tímabili frá 1. mars til 30. september verður að nema a.m.k. 40% miðað við sama tímabil fyrra árs

³ Rekstraraðili má ekki hafa greitt út arð, óumsamda kaupauka, keypt eigin hlutabréf, greitt af víkjandi láni fyrir gjalddaga eða veitt eigendum eða nákomnum aðilum lán eða aðrar greiðslur sem ekki eru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri frá 1. mars 2020. Rekstraraðili er ekki í vanskilum á opinberum sköttum og gjöldum eða í vanskilum við lánastofnun lengur en í 90 daga.

3 Fyrirtæki munu geta jafnað tap þessa árs á móti hagnaði í fyrra til að auka laust fé




Dæmi um áhrif tekjuskattsjöfnunar á fyrirtæki (m.kr.)

Tekjuskattsinneign

Tekjuskattur

Hagnaður fyrir tekjuskatt



- Fyrirtæki sem sjá fram á **tap á þessu ári** en skiluðu **hagnaði í fyrra** geta sótt um að **jafna saman hagnaði og tapi** þessara tveggja ára¹
- Þetta **eykur laust fé fyrirtækja**. Í meðfylgjandi dæmi batnar sjóðstreymið um **20 m.kr. á árinu 2020**
- **Hámarksupphæð** tekjuskatts sem má jafna á milli ára nemur **20 m.kr.**, en **98% fyrirtækja** eru undir þeim mörkum.
- Heildaráhrif eru áætluð **13 ma. kr.**
- **Tekjutap ríkissjóðs er takmarkað** þar sem tekjuskattsinneign 2021 lækkar um sömu upphæð

¹ Nánari skilyrði fyrir því að færa tap yfir á síðasta ár verða tilgreind í frumvarpi fyrir þessa aðgerð

4 Ráðist verður í áttak til að stuðla að geðrækt og bættri andlegri heilsu íbúa landsins



Geðheilbrigði

Efling geðheilbrigðisteyma um land allt auk fjölgunar félagsráðgjafa, geðlækna og sálfræðinga



Fjarheilbrigðisþjónusta

Fjarþjónusta verður eflid á landsvísu, meðal annars í gegnum Heilsuveru og heilsugæslustöðvar



Vöktun og fræðsla

Andlegt heilbrigðisástand verður vaktað á meðan faraldrinum stendur og fræðslufni verður útbúið¹

5 Ráðist verður í fjölþættar aðgerðir til að vernda hag barna og fjölskyldna þeirra



Frístundir

Stuðningur við börn á tekjulægri heimilum til að stunda íþrótt- og frístundastarf¹



Ofbeldi

Átak gegn heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum með aukinni aðstoð og betri úrræðum²



Langveik börn

Stuðningur við foreldra og umönnunaraðila til að mæta aðstæðum vegna COVID-19³



Fötluð börn

Stuðningur við foreldra og umönnunaraðila til að mæta aðstæðum vegna COVID-19³



Geðrækt

Auknar forvarnir og stuðningur við börn í skólum auk eflingar heilsugæslu í geðrækt⁴



Erlendur bakgrunnur

Félagslegar aðgerðir til að efla stöðu barna af erlendum uppruna útfærðar með sérfræðingum

(1) Veittur verður 50 þús. kr. frístundastyrkur á barn til fjölskyldna þar sem samanlagðar tekjur eru lægri en 740 þús. kr. á mánuði. Framkvæmd verður í höndum sveitarfélaga. Áætlað heildarframlag vegna frístundastyrkja nemur 600 m.kr. (2) Stuðningur við Barnahús og hjálparáttmál 1717 auk félagsamtaka sem sinna ráðgjöf, samtals 200 m.kr. Auk þess verður samstarf lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar aukið og styrkt, en kostnaður við það er áætlaður 15 m.kr. (3) Viðbótarframlag veitt til að mæta breyttum aðstæðum foreldra eða umönnunaraðila vegna langveikra eða fatlaðra barna að upphæð 200 m.kr. (4) Kostnaður við þessar umbætur tilheyrir aðgerð #4 um geðheilbrigði og fjarþjónustu

? Auk þess verður horft sérstaklega til þess að vernda viðkvæma hópa á komandi mánuðum



Horft verður til viðkvæmra hópa ...

Eldri borgarar

Fólk af erlendum uppruna

Öryrkjar

Fatlað fólk



... með félagslegum aðgerðum

- Unnið verður gegn **félagslegri einangrun**
- Efling **félagsmiðstöðva** fyrir eldri borgara og öryrkja
- Aðgerðir til að **vinna gegn neikvæðum félagslegum afleiðingum** faraldursins á viðkvæma hópa
- **Bætt aðgengi að upplýsingum** tengdum faraldrinum og heilbrigðisþjónustu óháð uppruna og öðrum þáttum

6 Framlínuálag verður veitt heilbrigðisstarfsfólki sem býr við aukna smithættu



- Heilbrigðisstarfsfólk í framlínu hefur þurft að starfa við **aukið starfsálag vegna fjölgunar sjúklinga** innan heilbrigðiskerfisins
- Til viðbótar hefur það víða **mátt búa við aukna smithættu** vegna starfa við erfiðar aðstæður
- Stjórnvöld munu veita þessum einstaklingum sérstakan **launaauka í formi eingreiðslu**
- **Heildarumfang** launaaukans nemur **1 ma.kr. og nánari útfærsla er í höndum heilbrigðisstofnana**

6 Stutt verður við fjölmiðla vegna upplýsinga- og lýðræðishlutverks þeirra



- Auglýsingatekjur fjölmiðla hafa hríðfallið á sama tíma og eftirspurn eftir þjónustu þeirra hefur **aukist**
- Þjónusta fjölmiðla hefur **jákvæð samfélagsleg áhrif** vegna **upplýsinga- og lýðræðishlutverks** þeirra
- **Einkareknir fjölmiðlar** verða því **studdir um allt að 350 m.kr.**
- Við ákvörðun fjárhæðar verður litið m.a. til **launaveltu vegna starfsmanna á ritstjórnnum**



6 Þrjú þættar aðgerðir á sveitastjórnarstigi munu stuðla að uppbyggingu og bættum úrræðum



Fjárfestingar sveitarfélaga studdar


- Sveitarfélögin hyggjast ráðast í **flýtiframkvæmdir** til að bregðast við versnandi atvinnuástandi
- Til að liðka fyrir framkvæmdunum er tímabundinn **réttur til endurgreiðslu virðisaukaskatts** látinn ná til sveitarfélaga

Fjárfestingarsjóður sveitarfélaga

- Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fær **heimild til að veita styrki til sveitarfélaga**
- Styrkjunum er ætlað að **fjármagna framkvæmdir** til að **bæta aðgengi fatlaðs fólks** í fasteignum og mannvirkjum
- Einnig verður heimilt að nýta fjármagn fasteignasjóðsins til að **milda tekjufall Jöfnunarsjóðsins**

Stuðningur við viðkvæm svæði

- Efnahagsástand á **Suðurnesjum** krefst sérstakra úrræða, en **atvinnuleysi þar stefnir í 24% í apríl**
- Fyrirhuguð úrræði á Suðurnesjum eru m.a. aukin þjónusta við **erlenda íbúa**, efling **Reykjanes Geopark** og stofnun **þverfaglegs teymis** á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála
- Kortlagning á **öðrum viðkvæmum svæðum** stendur yfir á landsvísu



7 Forsendur verða skapaðar fyrir öflugri viðspyrnu á grundvelli hugvits og þekkingar



- Auk þess að **verja efnahagslífið** og **vernda þá sem glíma við afleiðingar** faraldursins vilja stjórnvöld skapa forsendur fyrir **öflugri efnahagslegri viðspyrnu á grundvelli hugvits og þekkingar**
- Í því skyni verður **stuðningur stórauinn við rannsóknir, þróun og nýsköpun**
- **Framlög voru aukin um 700 m.kr. í Tækniþróunarsjóðs** og **um 700 m.kr. til Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs Rannís** í fyrsta hluta aðgerðanna
- Til viðbótar munu stjórnvöld **styrkja hvata til rannsókna og þróunar** auk þess að **bæta fjármögnunarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja**

7 Hvatar til rannsókna og þróunar verða styrktir og fjármögnun nýsköpunar eflað



	Lýsing	Umfang (ma. kr.)	Markmið
Sterkari hvatar til rannsókna og þróunar	<ul style="list-style-type: none"> Endurgreiðsluhlutfall vegna R&P hækkar úr 20% upp í 25% og þak á endurgreiðslur hækkar úr 600 m.kr. upp í 900 m.kr. 	3,2	<ul style="list-style-type: none"> Styrkja hvata til rannsókna og þróunar til að styðja við nýsköpun og fjölga störfum í atvinnulífinu
Bætt fjármögnun nýsköpunar-fyrirtækja	<ul style="list-style-type: none"> Framlög til Kríu fjárfestingasjóðs aukin og fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða í vísisjóðum rýmkaðar 	1,2	<ul style="list-style-type: none"> Styrking fjármögnunar-umhverfis sprotafyrirtækja til að auka vaxtarmöguleika þeirra
	Samtals aukning	4,4	

8 Náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur munu vinna gegn atvinnuleysi




Nýjum úrræðum er ætlað að viðhalda og byggja upp vinnufærni

- Boðið verður upp á **fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur**
- Úrræðin **viðhalda og byggja upp vinnufærni** hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda
- Markmiðið er að vinna gegn gegn þrálátu og **langvinnu atvinnuleysi**
- **Hluti úrræða fyrir námsmenn** mun **einnig ná til atvinnuleitenda**

Úrræðin munu ná til um 15 þúsund atvinnuleitenda

- Atvinnuleysistryggingasjóði verða veittir **2 ma.kr. til átaksins**
- Áætlað er að úrræðin geti stutt við og stuðlað að **virtri atvinnuleit samhlíða námi og þjálfun hjá 15 þúsund atvinnuleitendum**



9 Ráðist verður í þrjúættar aðgerðir til að auka náms- og starfsmöguleika námsmanna



Vegna faraldursins hafa þúsundir námsmanna nú orðið fyrir **röskun í námi** sínu

Þar að auki eru **vonir** margra námsmanna til að **finna sér sumarstörf** við þessar aðstæður **veikar**¹

Stjórnvöld munu ráðast í **þrjúættar aðgerðir** til að **auka náms- og starfsmöguleika námsmanna** í ljósi þessara aðstæðna

1

Sumarstörf fyrir námsmenn

- **2.200 m.kr.** verður veitt í sérstakt átak til að **fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn** hjá hinu opinbera, eða sem nemur **3000 störfum**

2

Sumarnám á framhalds- og háskólastigi

- **800 m.kr.** verður veitt til að bjóða upp á **sumarnám á framhalds- og háskólastigi**
- Bæði **bók- og starfsnám** í **staðar- og fjarnámi**

3

Framlag til nýsköpunarsjóðs námsmanna

- **300 m.kr.** framlag til NSN fyrir **þrjú mánaða laun til ungra frumkvöðla**²
- Áhersla á frumkvöðlamennsku og **nýsköpun**

¹ Sem dæmi má nefna að í tveimur könnunum Stúdentaráðs Háskóla Íslands sem framkvæmdar voru á undanförunum vikum kom fram að 40% stúdenta við Háskóla Íslands voru ekki komnir með sumarstarf

² Framlög til Nýsköpunarsjóðs námsmanna voru aukin um 100 m.kr. í fyrsta hluta svo heildaraukning nemur 400 m.kr.

10 Fjölgun listamanna á starfslaunum mun standa undir sköpun menningarverðmæta




Fjárfest var í menningu í fyrsta hluta aðgerðanna ...

- Lögfest hefur verið að **500 m.kr. verður fjárfest í menningu á þessu ári** sem hluta af aðgerð um flýtingu opinberra fjárfestinga

... og stutt verður enn frekar við menningarstarfsemi

- Til viðbótar verður **250 m.kr. veitt í listamannalaun á þessu ári**
- **Allt framlagið** kemur til með að fjármagna menningarverkefni **strax á þessu ári**
- Framlagið stendur undir **600 mannmánuðum á listamannalaunum**, sem jafngildir **40% aukningu**
- Framlagið mun **fjármagna sköpun nýrra menningarverðmæta**



10 Matvælasjóður eykur nýsköpun og verðmætasköpun í matvælaframleiðslu



Markmið úrræðisins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni



- **Matvælasjóður** verður stofnaður með sameiningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS rannsóknasjóðs í sjávarútvegi
- Sjóðnum er ætlað að styðja við **nýsköpun, sjálfbærni, verðmæta-sköpun og samkeppnishæfni** matvælaframleiðslu
- Sjóðurinn fær einnig **100 m.kr. til að styrkja markaðssetningu á alþjóðlegum mörkuðum**

500 m.kr. til stofnunar nýs Matvælasjóðs

- **500 m.kr.** verður varið til **stofnunar Matvælasjóðs**
- **Árið 2021 bætast við** þeir **fjármunir** sem áttu að renna í **Framleiðnisjóðs landbúnaðarins** og **AVS rannsóknasjóðs** í sjávarútvegi



200 m.kr. í endurnýjun garðyrkjusamninga

- Stutt verður við vöxt íslenskrar garðyrkju með **200 m.kr. framlagi** vegna **nýs samnings við garðyrkjubændur**



Heildaráhrif annars hluta aðgerðanna eru áætluð um 60 ma. kr.

Efnahagsleg áhrif annars hluta efnahagsaðgerða (ma. kr.)¹



¹ Bráðabirgðamat, endanleg áhrif fara m.a. eftir þátttöku í sumum aðgerðanna

Samantalið hafa stjórnvöld nú kynnt tuttugu aðgerðir til að veita viðspyrnu fyrir Ísland

Efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19

	Fyrsti hluti	Annar hluti	Lýsing
 Varnir	<ol style="list-style-type: none">1. Hlutastarfaleiðin2. Brúarlán til atvinnulífs3. Frestun skattgreiðslna	<ol style="list-style-type: none">11. Lokunarstyrkir12. Stuðningslán13. Jöfnun tekjuskatts	<ul style="list-style-type: none">▪ Almennar efnahagsaðgerðir til að verja störf og tryggja áframhaldandi rekstur íslenskra fyrirtækja
 Vernd	<ol style="list-style-type: none">4. Laun í sóttkví5. Barnabótaauki6. Úttekt séreignarsparnaðar	<ol style="list-style-type: none">14. Geðheilbrigði og fjarþjónusta15. Verndun viðkvæmra hópa16. Sértekur stuðningur	<ul style="list-style-type: none">▪ Aðgerðir til að mæta sérstökum aðstæðum ólíkra hópa vegna faraldursins og afleiðinga hans
 Viðspyrna	<ol style="list-style-type: none">7. Styrking ferðapjónustu8. Útvíkkun á „Allir vinna“9. Greiðari innflutningur10. Fjárfestingaátak	<ol style="list-style-type: none">17. Sókn í nýsköpun18. Sumarúrræði fyrir námsmenn19. Virkni í atvinnuleit20. Innlend verðmætasköpun	<ul style="list-style-type: none">▪ Viðhalda virkni á meðan á efnahagslæggð stendur og skapa forsendur fyrir öflugri viðspyrnu að faraldrinum loknum

